

Dags eftirlits	7.12.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Höfði malbikunarverksmiðja (áður Munck)	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Sævarhöfða 6 -10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	581096 2919	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis	Hörður Gunnarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik kom fram í eftirlitinu en þrjár ábendingar eru gerðar. Átta eldri frávik eru enn opin.

Við eftirlit voru 9 eldri frávik (2018 -2019) enn opin. Einu frávik sem skráð var vegna myndavélakerfis á lóðinni er nú lokað þar sem myndavélakerfi er uppsett og fyrirhugað að bæta um betur áður en stöðin verður tekin í notkun. Átta frávik eru því enn opin og verða útbætur teknar út í næsta eftirliti.

Rekstraraðila er bent á að til samræmis við grein 3.7 í starfsleyfi skulu áfyllingar og meðferð olíuefna (t.d. úðun vörubílsþalla) fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju og sandfangi. Bent er á að olíuskiljur þola einungis takmarkað gegnumstreymi áður en virkni þeirra skerðist og vatnsstraumur getur farið að hrifa með sér olíu úr söfnunarhólfi skiljunnar og út í fráveitukerfið. Því þarf að hanna yfirborð svæðisins m.t.t. afkastagetu olíuskiljunnar.

Rekstraraðili hefur sent lista yfir olíugeyma sem verða í notkun í verksmiðjunni. Ef breytingar verða er rekstraraðila bent er á að uppfæra listann og senda Umhverfisstofnun afrit af gögnumum.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Viðstaddir eftirlitið voru Elín Ásgeirsdóttir og Hörður Gunnarsson frá rekstraraðila, Ríkharður Friðriksson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar, Garðabæjar og Kópavogs og Sigríður Kristinsdóttir og Gottskálf Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

Boðuð dagskrá:

- Farið yfir stöðu útstandandi frávíka (9) frá síðustu árum.
- Olíumannvirki, olíugeymar á lóðinni Álhella 34 (áður Álhella 18)
- Farið yfir umhverfiskröfur og losunarmörk starfsleyfi
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir
- Skoðun verksmiðjunnar og lóð

1. Staða eldri frávíka

a. Rætt var um eldra frávik vegna þjálfunarmála starfsmanna. Með nýjum rekstraraðila sem er að flytja verksmiðjuna úr Sævarhöfða í Reykjavík í Álhelli í Hafnarfirði flytjast reyndir starfsmenn verksmiðjunnar. Samþykkt úrbótaáætlun veitir frest til 1. maí nk. til þess koma þessu í góðan farveg. Skráningar á þjálfun þeirra verða skoðaðar í næsta eftirliti.

b. Framkvæmdum á verksmiðjulóðinni er enn ólokið, skipulag og umgengni er ekki í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Nýr rekstraraðili er enn að koma sér fyrir og er ekki gert ráð fyrir að rekstur hefjist fyrr en á vormánuðum. Ljúka skal malbikun, uppsetningu verksmiðjunnar, girðingavinnu og skjólveggjum fyrir fínefni. Samþykkt úrbótaáætlun veitir frest til 1. maí nk. til þess koma þessu í góðan farveg. Úttekt á aðstöðunni mun fara fram í næsta eftirliti.

c. Samkvæmt starfsleyfi skulu uppfærðar áætlanir liggja fyrir hjá rekstraraðila. Unnið er við að staðfæra og endurskrifa áætlanir sem fyrir lágu í Sævarhöfða. Samþykkt úrbótaáætlun veitir frest til 1. maí nk. til þess koma þessu í góðan farveg. Úttekt á áætlunum mun fara fram í eftirliti næsta árs.

d. Rekstraraðili skal skrá reglulega upplýsingar um umhverfisþætti eins og ákvæði í grein 4.1 í starfsleyfi segir til um. Þar sem starfsemi í Álhelli er ekki hafin enn verða skráningar skoðaðar í eftirliti næsta árs.

e. Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarkna í greinum 3.6 og 3.6. Úrbótaáætlun kveður á um að mælingar skuli liggja fyrir í síðasta lagi 1. júlí 2022. Niðurstaða mælingar verður tekin út í næsta eftirliti.

f. Í samræmi við grein 3.7 í starfsleyfi skal úðun vörubílsþalla fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli tengdu við olíuskilju. Samþykkt úrbótaáætlun veitir frest til 1. maí nk. til þess koma þessu í góðan farveg. Aðstaðan verður tekin út í eftirliti næsta árs.

g. Frágangur á geymum og lögnum fyrir olíuefni skal vera í samræmi við reglugerð nr. 884/2017. Samþykkt úrbótaáætlun veitir frest til 1. maí nk. til þess koma þessu í góðan farveg. Enn er verið að setja upp verksmiðjuna og verða neyslu- og húsageymar skoðaðir í næsta eftirliti.

h. Starfsleyfið áskilur að notað sé verklag eða tæknilegar lausnir til þess að fylgjast með virkni reykheinsibúnaðar.

Samþykkt úrbótaáætlun veitir frest til 1. maí nk. til þess koma þessu í góðan farveg. Þetta veriður skoðað í næsta eftirliti.

2. Olíumannvirki, olíugeymar

Farið var yfir kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi um að skrá skuli alla neyslu-, húsa- og lausageyma og upplýsingum skilað til viðkomandi heilbrigðisnefndar. Rekstraraðili hefur skilað inn skráningarblaði vegna olíugeyma í Álhelli 34. Fimm olíugeymar eru á skrá vegna stöðvarinnar, þrjár bikgeymar og tveir gasolíugeymar. Ef það breytist skal rekstraraðili uppfæra skráningarblaðið og sendi afrit á Umhverfisstofnun.

3. Kröfur starfsleyfisins

Áætlanir: Fjórar skriflegar áætlanir skulu liggja fyrir og vera aðgengilegar. Unnið er að staðfæra áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar. Áætlunin var gerð fyrir Sævarhöfða og er verið að endurskrifa þá áætlun svo hún gildi fyrir Álhelli 34. Áhættumat vegna bráðamengunar hefur verið útbúið fyrir Álhelli 34 en unnið er að gerð viðbragðsáætlunar vegna bráðamengunar. Áætlun til að hefta rykmengun við óhagstæð veðurskilyrði liggur fyrir, dagsett 19. nóvember 2021. Eins er áætlun um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri ný, dagsett 12. nóvember 2021.

Skýrslur og gagnaskil: Gerð er krafa um skil á mælingagögnum vegna greina nr. 3.6 og 3.7 í starfsleyfi innan mánaðar frá því að mælingarnar eru framkvæmdar.

Skil á grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert eru áskilin í starfsleyfi.

Skráningar: Skrá skal reglulega eftirtaldar upplýsingar: viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar, magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. grein 3.9, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, prófun og kvörðun mælitækja, magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku. Rekstraraðili lofar að skráningar verði viðhafðar strax og starfsemi hefst aftur.

Umhverfismarkmið: Með mælanlegum umhverfismarkmiðum þá er hægt að fylgjast með árangri og er hvetjandi ef allir starfsmenn eru upplýstir og vinna saman að því að ná markmiðum fyrirtækisins.

4. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Áhættumatið verður uppfært árlega.

5. Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir.

Malbikunarstöðin Höfði hf. hefur yfirtekið starfsleyfi Malbikunarstöðvar Munck Íslandi ehf. Handhafabreyting var gerð á starfsleyfinu 17. september sl. Höfði tekur þar við öllum réttindum og skyldum sem fylgja starfsleyfinu. Átta frávik frá fyrri rekstraraðila eru enn opin og frestir til úrbóta er 1. maí nk. og 1. júlí nk. Einn frávik er lokað enda sýndi rekstraraðili fram á að kröfum um myndavélakerfi er uppfyllt.

Teikningar af skipulagi lóðar eru í ferli hjá byggingarfulltrúa sveitarfélagsins. Ofanvatnskerfi á lóð er að hluta í gegnum hreinsikerfi (olíuskiljur og sandföng) en annars í niðurföll og þaðan í grjótsvelgi. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að alls staðar þar sem unnið er með olíuefni fari afrennsli um niðurföll og það hreinsað í olíuskilju eins og krafa er um í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að huga að hámarksflæði sem olíuskilja er hönnuð til að geta annað og bæta við olíuskiljum eða móta yfirborð svæðisins þannig að olíuskiljur ráði við þá aftakaúrkomu sem vænta má.

Engin óhöpp hafa orðið á svæðinu og engar kvartanir borist vegna starfsemi rekstraraðila.

6. Skoðun á verksmiðjunni og lóð

Gengið var um svæðið með fulltrúum rekstraraðila. Skoðaðar voru framkvæmdir á lóðinni en starfsemi hliðrast til að einhverju leiti. Öryggispró hefur verið minnkuð en að framkvæmdum loknum verður öll geymsla á olíuefnum í tunnum og bömbum innan þróar á svæði sem tengt er olíuskilju. Enn á eftir að ljúka frágangi svæðisins og koma fyrir bikgeymum. Skoðuð voru niðurföll við olíugeyma og yfirborðshalli. Bent er á að olíuskiljur þola einungis takmarkað gegnumstreymi áður en virkni þeirra skerðist og vatnsstraumur fer að hrífa með sér olíu úr söfnunarhólfi skiljunnar og út í fráveitukerfið.

ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðila er bent á að til samræmis við grein 3.7 í starfsleyfi skulu áfyllingar og meðferð olíuefna (t.d. úðun vörubílspalla) fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfalli í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju og sandfangi.
2. Bent er á að olíuskiljur þola einungis takmarkað gegnumstreymi áður en virkni þeirra skerðist og vatnsstraumur getur farið að hrífa með sér olíu úr söfnunarhólfi skiljunnar og út í fráveitukerfið. Því þarf að hanna yfirborð svæðisins m.t.t. afkastagetu olíuskiljunnar.
3. Rekstraraðili hefur sent lista yfir olíugeyma sem verða í notkun í verksmiðjunni. Ef breytingar verða er rekstraraðila bent er á að uppfæra listann og senda Umhverfisstofnun afrit af gögnum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 30.12.2021



Gottskálk Friðgeirsson